

Kópavogi 2026.07.22

Skipulagsfulltrúinn í Hafnarfirði

V/ Suðurbakki Suðurhöfn- Þjónustuhús fyrir skemmtiferðaskip – Breytt deiliskipulag

Undirritaður skipulagshöfundur Suðurhafnar, leggur hér inn tillögu að breyttu deiliskipulagi hluta Suðurbakka í Suðurhöfn f.h. Hafnarfjarðarhafnar.

Á Suðurbakka á reit 4.1 norðan Fornubúða 5, verði ný lóð og byggingareitur innan hennar fyrir þjónustuhús skemmtiferðaskipa.

Stærð lóðarinnar er 325.2m². Þjónustuhúsið er samsett gámahús með salerni sem tengt er skolptanki austan við hina afmörkuðu lóð. Stærð hvernar gámaeiningar er 2.44 m x 6,05 m eða 14.7m².

Til að byrja með er gert ráð fyrir sex samsettum einingum, alls 88.2m² með möguleika á framtíðar stækkun með því að bæta við fleiri gámaeiningum.

Þjónustuhúsið nýtist sem biðsalur fyrir farþega og starfsfólk á skemmtiferðaskipum og starfsrými fyrir þjónustuaðila og starfsmenn Hafnarfjarðarhafnar.

Aðalnotkun hússins er frá maí til september en möguleg önnur hafntengd notkun yfir vetrartímann.

Húsið tengist við rafmagn, kalt vatn og fráveitu.

Gólf síðir gluggar eru að hafnarbakka til norðurs og minni gluggar á suðurgafli.

Staðsetning er við lóðamörk hafnarbakka að sunnaverðu við nýja lóðarlínu Fornubúða 5

Á lóðarmörkum er öryggisgirðing fyrir hafnarverndarsvæði og er húsið innan hennar.

Endanleg stærð lóðar ákvarðast nánar við gerð lóðarblaða.

Virðingarfyllt

Kristján Ásgeirsson arkitekt